

Mánudaginn 27. september 1999.

Nr. 373/1999.

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

X

(enginn)

Kærumál. Hæfi. Dómarar.

Kærður var úrskurður þar sem héraðsdómari vék sæti í máli vegna fyrri afskipta af því, en hann hafði tekið skýrslu fyrir dómi í þágu rannsóknar á grundvelli a-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, af ætluðum brotapolu. Ekki var talið að skýrslutaka dómarans væri til þess fallin að draga mætti óhlutdrægni hans með réttu í efa, né að áframhaldandi meðferð hans á málinu bryti gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eða 1. mgr. 6. gr. sammings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994. Var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. september 1999, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. september 1999, þar sem héraðsdómari vék sæti í málinu. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sóknaraðili krefst þess að héraðsdómara verði gert að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði tók Ólafur Ólafsson héraðsdómari skýrslu fyrir dómi 17. maí 1999 á grundveili a-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, af ætluðum brotapolu, í þágu rannsóknar á þeim verknaði, sem varnaraðili sætir nú ákæru fyrir. Héraðsdómari fékk síðan málinu úthlutað 3. september sl. Ákvað hann að víkja sæti vegna afskipta sinna af frumrannsókn

málsins með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991.

Hvorki verður talið að skýrslutaka dómarsins á rannsóknarstigi málsins sé til þess fallin að draga megi óhlutdrægni hans með réttu í efa né að áframhaldandi meðferð hans á málinu brjóti gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eða 1. mgr. 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. september 1999.

Mál þetta, sem þingfest var fyrr í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 2. júlí sl., á hendur ákærða, X [...], fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 16. maí 1999 með ofbeldi og ógnandi framkomu þröngvað stúlkunni Y [...] til holdlegs samræðis í íbúðarhúsi á [...]. Er brot ákærða talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta.

Dómari fékk máli þessu úthlutað þann 3. september sl.

Málsmeðferð.

Samkvæmt gögnum málsins barst lögreglunni á [...] kæra um ofanefnda nauðgun sunnudaginn 16. maí sl., en af hálfu rannsóknaraðila var þess farið á leit við Héraðsdóm Norðurlands eystra daginn eftir að tekin yrði skýrsla af kærandi fyrir dómi samkvæmt a-lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999. Það kom í hlut dómara máls þessa að annast skýrslutökuna, og með hliðsjón af 2. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 36/1999, var skýrslutakan allitarleg. Eðli málsins samkvæmt varð nefnd skýrsla eitt helsta gagn ákærvaldsins til saksóknar gegn ákærða.

Fyrir liggur að með þeirri heildarendurskoðun réttarfarslaga, sem gekk í gildi þann 1. júlí 1992, var horfið frá því fyrirkomulagi sem lengi hafði tíðkast að dómari hefði ríku rannsóknarhlutverki að gegna við meðferð sakamála. Til grundvallar þessari stefnubreytingu var það álit mannréttindanefndar Evrópu að

almennt væri það ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum, þegar sami maður vinnur bæði að þeim og rannsókn máls fyrir ákæru.

Við fyrirtöku málsins nú í dag voru af hálfu fulltrúa ákærvalds og skipaðs verjanda ekki hafðar uppi athugasemdir við formhlið máls.

Þegar virt eru áðurgreind afskipti dómara máls þessa af frumrannsókn málsins og með hliðsjón af almennum traustsjónarmiðum um óhlutdrægni dómara þykir með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991, rétt að dómari víki sæti í máli þessu. Að þessu leyti er og litið til 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. nú lög nr. 62/1994.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Dómarinn, Ólafur Ólafsson héraðsdómari, víkur sæti í máli þessu.
